

Hvernig geta fyrirtæki einfaldað upplýsingagjöf til starfsmanna sinna og gert þeim kleift að viðhalda eigin persónuupplýsingum?

Applicon Starfsmannavefur er notendavæn veflausn sem byggir á Applicon Mannauði. Vefurinn getur staðið einn og sér eða verið hluti af innra neti viðkomandi fyrirtækis.

Lausnin gerir starfsmönnum kleift að viðhalda persónuupplýsingum sínum á einfaldan hátt, auk þess að auðvelda aðgengi starfsmanna að ýmsum upplýsingum er varða starf þeirra. Starfsmenn geta á vefnum skráð nýtt heimilisfang og símanúmer auk þess sem þeir geta uppfært fjölskylduupplýsingar sínar, bankareikning, námsferil, starfsferil og hæfni. Þegar upplýsingum er breytt á vefnum uppfærast breytingarnar strax í Applicon Mannauði og á sama hátt birtast beint á vefnum þær upplýsingar sem hafa verið viðhaldið þar.


Ef námskeiðshluti Applicon Mannauðs er notaður er hægt að birta á vefnum yfirlit yfir öll þau námskeið sem í boði eru innan fyrirtækisins. Starfsmenn geta þar séð námskeiðslýsingu, tímasetningu og fleiri upplýsingar er tengjast viðkomandi námskeiði, auk þess sem þeir geta skráð sig á námskeiðið.

Aðrir þættir eru til upplýsinga fyrir starfsmenn. Þeir geta skoðað launaseðla sína, séð stöðu orlofs og flett upp í starfsmannalista. Á forsiðu eru svo upplýsingar um nýja starfsmenn og afmælisbörn dagsins. Auk þess að geta séð upplýsingar um orlofsstöðu sína geta starfsmenn sent óskir um orlof í tölvupósti sem sendist þá sjálfkrafa á netfang viðkomandi yfirmanns.

Með innleiðingu á Applicon Starfsmannavef eykst til muna aðgengi starfsmanna að eigin upplýsingum og grunnupplýsingum um aðra starfsmenn. Með notkun lausnarinnar dregur einnig úr álagi á starfsfólki starfsmanna- og launadeilda þar sem minni tími fer í að veita þær upplýsingar sem starfsmenn geta nú nálgast sjálfir og meiri tími skapast til virðisaukandi verka.

Helstu kostir:

- Viðhald eigin persónuupplýsinga.
- Upplýsingar um orlofsstöðu.
- Uppfletting launaseðla.
- Skráning á námskeið.
- Leit í starfsmannalista.



Applicon er hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtæki á sviði SAP og Microsoft lausna, með gullvoittun frá báðum vörumerkjum. Applicon starfar í fjórum löndum; Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi. Starfsmenn Applicon félaganna eru rúmlega 200. Hjá Applicon á Íslandi starfa yfir 80 manns með mikla reynslu af margvíslegum verkefnum. Applicon er fyrirtæki ársins 2007 samkvæmt könnun VR.

Lausnir Applicon eru sérsniðnar að þörfum fyrirtækja á íslenskum markaði. Þróun þeirra byggir á yfir 10 ára reynslu af samstarfi með viðskiptavinum fyrirtækisins sem margir hverjir eru meðal öflugustu fyrirtækja landsins. Lausnir Applicon eru áreiðanlegar og tryggja notendum ávinning í daglegu vinnuumhverfi. Starfsmenn Applicon eru með víðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem tryggir viðskiptavinum Applicon góða og örugga þjónustu.